

DIMMA

Starfsáætlun

Félagsmiðstöðin Dimma

2026-2027

Sunna Rut Garðarsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar

Opnunartímar Dimmu

Félagsmiðstöðvadagatal 2026 – 2027

Starfið í vetur

Áherslur í starfi

Valáfangar og samstarf við skóla

Miðstigsstarf

Lýsing á samstarfi við skóla

Viðburðir í vetur

Lýsing á samstarfi við skólann

Félkó Flakkandi

Hópastarf

Klúbbastarf

Félkó miðstöðin

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Unglingaráð

Nemendaráð

Félkóráð

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð Samfés

Samstarf við foreldra

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

Verkferlar

Ytra mat

Innra mat

Umbótaáætlun starfstöðvar

Símenntun

Fjöldatölur síðasta árs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Starfsmenn Dimmu 2026-2027

Viðhengi 1

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Dimma er fyrir börn og unglinga í 5.-10.bekk og er staðsett í Vatnsendaskóla, Funahvarfi 2. Dimma er með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana sem er á neðri hæð skólans en einnig höfum við aðgang að matsalnum, hátíðarsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara Vatnsendaskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 5.-7. bekk eru 143 nemendur og í 8.-10. bekk eru 180 nemendur, samtals 323 nemendur í 5.-10.bekk í Vatnsendaskóla.

Forstöðumaður í Dimmu er Sunna Rut Garðarsdóttir, aðstoðarforstöðumaður er Víkingur Angantýsson. Vinnusími Sunnu er 696-1630 og vaktsími dimmu er 618-6671 og netföng stjórnenda eru sunna.g@kopavogur.is og vikingur.a@kopavogur.is

Opnunartímar Dimmu

Hefðbundinn opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og föstudagskvöld frá kl: 19:30-23:00. Einnig er opið á skólatíma og fram á síðdegi eftir viðveru starfsmanna.

Félagsmiðstöðvadagatal 2026 – 2027

Félagsmiðmiðstöðvadagatal má finna í viðhengi 1. Á félagsmiðstöðvadagatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslum, fundum, stærri viðburðum Dimmu og öðrum og sameiginlegum viðburðum. Gulir viðburðir eru viðburðir ætlað starfsfólki, bláir viðburðir eru Dimmu viðburðir, grænir viðburðir eru Félkó viðburðir og appelsínugulir viðburðir eru Samfés viðburðir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Starfið í vetur

Áherslur í starfi

Viðamiklar breytingar voru gerðar á starfssemi félagsmiðstöðva Kópavogs í haust. Tíðni miðstigsopnanna voru tvöfaldaðar, hingað til höfum við verið með opið á mánudögum frá 17:00-18:30 en nú bættist við föstudagar líka frá 17:00-18:30. Það var líka aukið við unglingaopnanir, í stað þess að vera með opið bara annan hvort föstudag er nú opið alla föstudaga.
Þessum breytingum fylgdi umfangsmikil endurröðun á vöktum starfsmanna, starfsmönnum fjölguðu úr sex í tíu en flestir eru með færri vaktir á viku en áður. Með breytingum fylgir yfirleitt einhver óvissa og meiri breytingar, áherslur í vetur verður því á að finna jafnvægi í þessu nýja skipulagi.

Valáfangar og samstarf við skóla

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður sjá um Dimmuval sem jafnframt er nemendaráðið okkar. Fundir eru vikulega allt árið um kring, verkefni nemendaráðs er að skipuleggja mánaðardagskrá og alla viðburði sem Dimma heldur utan um, þau auglýsa og hvetja samnemendur til að fara á sameiginlega viðburði með því að fara í bekki og búa til efni fyrir samfélagsmiðla. Nemendaráð er einnig ábyrgt fyrir að standa vaktir í miðasölu í hádeginu þá viku sem að Félkóböll eru á dagskrá.

Miðstigsstarf

Miðstigsopnunum hefur verið fjölgað töluvert. Skipulag starfsins er sem svo að á mánudögum er opið hús með dagskrá, allir sem vilja geta mætt og tekið þátt í dagskránni eða nýtt aðstöðu Dimmu á annan máta. Á föstudögum erum við með takmarkaðra starf, boðið er upp á smiðjur með nákvæma dagskrá, til dæmis slímgerð eða skartgripagerð. Skráning er nauðsynleg í þessar smiðjur og bara ákveðin fjöldi getur mætt á þessar opnanir. Þetta skipulag er ekki endilega fast í sessi, við munum hagræða eins og við þurfum í gegnum veturinn þangað til að við finnum gott flæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Lýsing á samstarfi við skóla

Dimma og Vatnsendaskóli eru í góðu samstarfi, við sitjum hálfs mánaðarlega fundi með deildastjóra, árshátíð og jólaball er einnig haldið í samstarfi við skólann. Við höfum einnig sent starfsmenn á Reyki með 7. bekk og í Vindáshlíð með 9. bekk.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar eru margvíslegir. Gerð er dagskrá í lok hvers mánaðar fyrir næsta mánuð í samvinnu við nemendaráðið. Stærsti fasti viðburðurinn er Árshátíð Dimmu og Vatnsendaskóla. Hún er haldin á tímabilinu febrúar og fram í apríl.

Félkó er samstarf félagsmiðstöðva innan Kópavogs og stendur það fyrir ýmiskonar viðburðum. Íþróttavikan, getkó, árgangaopnanir, söngkeppni og böll eru hluti af föstum viðburðum hjá Félkó ár hvert. Mikill tilhlökkun og stemning er yfirleitt fyrir þessum viðburðum. Samfés heldur úti viðburðum fyrir félagsmiðstöðvar á öllu landinu. Viðburðir Samfés telja: landsmót samfés, rímnaflæði, danskeppni, Stíll og Samfestingurinn sem er söngkeppni og sameiginlegt ball fyrir allar félagsmiðstöðvar á landinu.

Lýsing á samstarfi við skólann

Velvilji er hjá öllum aðilum að hafa gott samstarf á milli félagsmiðstöðvar og skólans. Árshátíð og jólaball hefur verið samstarfsverkefni á milli skóla og félagsmiðstöðva. Ef upp koma einstaka aðstæður sem bjóða upp á samvinnu á milli skóla og félagsmiðstöðva eru yfirleitt allir að vilja gerðir til að stökkva til, sem dæmi þá hefur Dimma boðið upp á séropnanir fyrir Erasmus skólahópa sem hefur verið í heimsókn í skólanum.

Félkó Flakkandi

Vettvangsstarfið Félkó Flakkandi er afar mikilvægt til þess að mæta öllum, líka þeim sem ekki sækja félagsmiðstöð eða eru í virkri skólaforðun. Starfsfólk Flakkandi sinnir vettvangsstarfi í hverfum höfuðborgarsvæðisins utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga. Við höfum það markmið að styrkja félagslega stöðu unglinga og skapa þeim aðstæður þar sem þau geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu þar sem áhættuhegðun og ofbeldismenning hefur verið meira áberandi í menningu unglinga finnst

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

okkur mikilvægt að þessu starfi sé sinnt sem allra best. Markmið okkar er að bæta vettvangsstarfsemi í Kópavoginum með Flotann sem fyrirmynd. Flotinn hefur sýnt fram á mikinn árangur í sínu vettvangsstarfi og upplifun okkar og annarra starfsmanna er að unglingarnir eru ánægðir með starfið. Þau upplifa traust og öryggi þegar vettvangstarf er á svæðinu. Vettvangsstarfið er unnið í nánu samstarfi með samfélagslögreglunni og nágranna sveitarfélögum og unnið er í að fá velferðasvið Kópavogs í enn meira samstarf.

Hópastarf

Klúbbastarf

Dimma hefur verið með starfandi matarklúbb alla miðvikudaga í meira en ár sem hefur gengið mjög vel. Í vetur erum við að bæta í og höfum farið á stað með klúbbastarf samhliða kvöldopnun. Það er liður í að búa til pláss fyrir ró í starfinu okkar, við höfum tekið eftir að krakkar sem eru ekki hrifnir af látum og óreiðu hafa ekki verið að mæta í Dimmu. Þetta hefur verið að virka mjög vel það sem liðið er af hausti. Þeir klúbbar sem hafa verið á dagskrá ásamt matarklúbbi eru: Föndurklúbbur, hekl- og prjónaklúbbur og bókaklúbbur.

Félkó miðstöðin

Félkó heldur utan um sameiginlegt sértækt hópastarf í Félkó miðstöðinni. Þeir sem hópar eru farnir að stað eru D&D klúbbur, Velkomin, sértækt hópastarf fyrir ungmenni með fjölbreyttan menningarbakgrunn og Hinsegin hópastarf. Félkó miðstöðin hefur verið húsnæðislaus frá því að Fannborg var rifin og því höfum við ekki haft tækifæri á að fjölga sértæku hópastarfi. Dimma hefur sinnt sértæku hópastarfi innan Vatnsendaskóla en það hefur ekki gefist tími í það á síðustu árum vegna anna stjórnenda

Félkó miðstöðin var miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs. Hugmyndin með miðstöðinni var að halda úti sértæku hópastarf sem byggð væru í kringum minni hópa eða áhugamál, ásamt öðru sameiginlegu starfi innan félagsmiðstöðva líkt og Félkó Flakkandi sem er vettvangsstarfið okkar. Markmiðið var að sameina krakka innan bæjarfélagsins sem að geta náð saman vegna sameiginlegra þátta og myndað tengingar. Tölvur og ýmis afþreyingarefni og búnaður voru keypt fyrir miðstöðina en margt eyðilagðist í

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

myglu. Ekki hefur bólað á nýju húsnæði svo þetta úrræði er enn í biðstöðu fyrir utan þrjá klúbba sem hafa fengið tímabundna aðstöðu í öðrum rýmum.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Dimma stendur fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni á sumrin. Tímabil sumarstarfsins er frá skólaslitum og út fyrstu vikuna í júlí. Starfið er þríþætt, í fyrsta lagi erum við með smiðjur fyrir miðstigið tvisvar í viku, við höldum úti kvöldopnunum fyrir unglinga öll mánudags og miðvikudagskvöld og að lokum erum við með sértækt hópastarf fyrir unglingastig á dagopnunum í samstarfið við vinnuskólann.

Dimma og Kúlan fóru í samstarf með nýju starfi sem snerist um að gefa skapandi krökkum færi á að rækta sína hæfileika. Við auglýstum eftir verkefnum frá hópum eða einstaklingum um vorið og átta verkefni voru að lokum valin. Verkefnið gekk afskaplega vel og hugmyndir fyrir næsta ár er að stækka verkefnið svo að þetta verði Félkó verkefni og verði í boði fyrir alla unglinga í Kópavogi. Nánar um starfið í sumar er hægt að lesa í sumarskýrslu frá félagsmiðstöðvunum.

Smiðjustarfið gekk almennt vel og með svipuðum hætti og undanfarin ár. Líkt og áður hefur umsjónamaður bent á að ekki sé heppilegt að innheimta þátttökugjald fyrir smiðjurnar þar sem sambærilegt starf er í boði án endurgjalds yfir veturinn. Smiðjustarfið fór fram í félagsmiðstöðinni Dimmu á sama tíma og Skapandi starf í Kúlunni. Reynsla starfsfólks bendir til þess að það sé ekki ákjósanlegt að hafa tvö starfssvæði í gangi samtímis á sitthvorum staðnum, þar sem það getur haft áhrif á nýtingu starfsfólks og þátttöku ungmenna.

Fyrir unglingastarf eru opnanir eru á mánudögum og miðvikudögum frá 17:00 – 22:00. Eitt sinn vorum við með hádegisopnanir og einhverjar dagopnanir en reynslan hefur sýnt sig að það kostar gæði að vera með of mörg verkefni samtímis.

Eftir að tímabilið í Dimmu eru SumarFélkó opnanir í 3 vikur. SumarFélkó er stór hreyfanleg félagsmiðstöð sem færir sig á milli hverfa. Þar starfar einn félagsmiðstöðvastarfsmaður út hverri félagsmiðstöð, það er í þeirra höndum að ákveða skipulag og uppsetningu þessa starfs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Framtíðarsýn á sumarstörf félagsmiðstöðva

Umræða hefur verið í hópi stjórnanda í félagsmiðstöðvum um breytingu á skipulagi sumarstarfsins, það er að koma niður á gæðum að vera með of mikið af störfum í gangi. Okkar tillaga er að í stað þess að hver félagsmiðstöð sé með brot af verkefnum hjá sér þá ætlum við að sameina verkefnin og skipta þeim niður. Meðal verkefna sem komin upp á borð eru heildags miðstigsstarf, Skapandi Félkó og Félkó Flakkandi.

Unglingaráð

Ýmis ráð standa krökkunum til boða til að bjóða sig fram í og nýta sína rödd.

Nemendaráð

Í nemendaráði Dimmu sitja 15 unglingar. Nemendaráðið er valgrein og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig í nemendaráðsval.

Ýmis mál eru rædd á nemendaráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í nemendaráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Dimmu og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í nemendaráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum skólans/landslögum hafa afleiðingar innan nemendaráðsins.

Félkóráð

Félkó ráðið er ráð sem stendur af tveimur unglingum úr hverri félagsmiðstöð þvert yfir Kópavog. Félkóráðið sér um að viðburði Félkó, markaðsefni og vera talsmenn unglinga úr sínum skóla innan Félkó starfsins.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Samstarf við foreldra

Dimma er öll að vilja gerð að vera í samstarfi við foreldra, þau hafa leitað til okkar með aðstoð fyrir fjáraflanir fyrir útskriftarferð fyrir 10. Bekk sem við höfum tekið vel í. Um leið og kemst meiri festa í Flakkandi væri upplagt að ræða meira samstarf við foreldrarölt hverfisins. Í upphafi árs eru haldnar kynningar fyrir foreldra á miðstigi og í unglingadeild.

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

Félagsmiðstöðvar Kópavogs leggja áherslu á velferð, félagsfærni og sjálfseflingu ungmenna í samræmi við Menntastefnu Kópavogsbæjar 2021–2030.

Helstu áherslur eru:

- Forvarnir og vellíðan: Að skapa öruggt umhverfi og veita snemmtækan stuðning.
- Félagsfærni og lýðræði: Að efla sjálfstraust, samskipti og áhrif ungmenna á starfsemina.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Jafnrétti og inngilding: Að tryggja öllum ungmennum tækifæri til þátttöku, meðal annars með sértæku starfi í Félkó.
- Sköpun og þátttaka: Að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf sem byggir á áhuga og hugmyndum ungmenna.
- Samstarf: Að efla samstarf við foreldra, skóla og aðra þjónustuaðila.

Markmiðið er að stuðla að jákvæðum félagslegum tengslum, vellíðan og virkri þátttöku ungmenna í samfélaginu.

Verkferlar

Verkferla félagsmiðstöðva Kópavogs má finna inn á teams svæði sem allir starfsmenn hafa aðgang að. Svæðið er nýtt og það verður kynnt almennilega á næsta starfsmannafundi

Skjalið inniheldur

- Undirbúningur viðburðar
- Framkvæmd viðburðar
- Ferðir – stuttar og langar
- Útivaktir
- Atvikaskráning
- Einstaklingssamtal
- Samskipti við foreldra
- Minniháttar hegðunarfrávik
- Alvarleg hegðunarfrávik
- Smávægilegir áverkar
- Alvarleg slys
- Tilkynning til barnaverndar

Ytra mat

Niðurstöður þjónustukannana Dimmu árið 2026 sýna mjög mikla ánægju meðal bæði unglinga og foreldra. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar er metið sem helsti styrkleiki starfsins og nýtur mikils trausts. Unglingar sækja félagsmiðstöðina fyrst og fremst til að hitta vini, eiga

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

félagsleg samskipti og taka þátt í fjölbreyttu félagslífi. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starfsemina, upplýsingagjöf og það öryggi sem félagsmiðstöðin veitir. Helstu tækifæri til þróunar felast í enn fjölbreyttari dagskrá, auknu samstarfi við foreldra og áframhaldandi uppbyggingu aðstöðu og búnaðar. Niðurstöðurnar staðfesta mikilvægi Dimmu sem öflugs vettvangs fyrir félagsþroska, þátttöku og vellíðan ungmenna í Vatnsendahverfi.

Þrátt fyrir almennt mikla ánægju með starfsemi Dimmu komu fram nokkur atriði sem mætti þróa frekar. Unglingar gáfu dagskrá félagsmiðstöðvarinnar lægri einkunn en aðra þætti starfsins, sem bendir til tækifæra til að auka fjölbreytni í viðburðum og verkefnum. Foreldrar nefndu jafnframt óskir um aukið framboð af skapandi verkefnum, hreyfitengdu starfi og fræðslu fyrir ungmenni. Einnig komu fram ábendingar um að efla mætti samstarf við foreldra enn frekar og að bæta aðstöðu og húsnæði til að styðja við áframhaldandi uppbyggingu starfsins.

Innra mat

Í fyrra jukum við dagopnanir, við tókum út kvöldprósentu og færðum yfir á dagopnun. Það var mikil ánægja með það og við ætlum að halda í það. Dimma varð líka símalaus á skólatíma í fyrra, það gengur bara eins og við má búast. Við þurfum að minna þau á og gefa skráningar ef þurfa þykir. Í fyrri starfsáætlun var talað um að gera anddyrið okkar huggulegra. Það verkefni er enn í þróun.

Umbótaáætlun starfstöðvar

Dimma hefur sett sér nokkur markmið fyrir árið, markmiðin eru byggð á mati af fyrri árum sem og þjónstukönnunum.

- **Auka fjölbreytni í dagskrá unglingastarfs**
    - Hér erum við að bæta við klúbbastarfinu sem verður samhliða opnun og ætti að auka fjölbreytileikann í kvöldstarfinu.
- **Efla samstarf við foreldra**
    - Áhersla á foreldraröltið og foreldrafélögin
- **Bæta aðstöðu og umhverfi félagsmiðstöðvarinnar**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Á dagskrá er að kaupa inn húsgögn til að samnýta herbergi sem frístund hefur umsjón með. Einnig er á dagskrá að setja upp eldhús innréttingu í Dimmu sem að hefur verið töluverð þörf fyrir. Skóhillur og snagar fram væri óskandi en framkvæmd er smá erfið vegna sameiginlegs inngangs með frístund, en við höldum áfram að skoða lausnir.

Símenntun

Reglulega fá starfsmenn Dimmu starfsmannafræðslu og tengist sú fræðsla inn í félagsmiðstöðvastarfið. Starfsmannafræðslur hafa hingað til verið fyrsta mánudag í hverjum mánuði, en nú þegar ekki allir starfsmenn vinna á mánudögum þarf að skoða hvernig fyrirkomulagið verður. Velkominn til starfa er viðburður þar sem haustið er kynnt fyrir starfsfólki. Ýmiskonar fræðslur og erindi koma þar við sögu.

Forstöðumönnum og aðstoðarforstöðumönnum býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Fjöldatölur síðasta árs

Ágúst 2025– **355**

September 2025 **– Unglingastig: 2055, miðstig: 95**

Október 2025 – **Unglingastig: 1472, miðstig: 125**

Nóvember 2025 – **Unglingastig: 1787, miðstig: 35**

Desember 2025 – **Unglingastig: 1377, miðstig: 22**

Janúar 2026 – **Unglingastig: 1282, miðstig: 25**

Febrúar 2026 – **Unglingastig: 1060, miðstig: 24**

Mars 2026 – **Unglingastig: 1262, miðstig: 38**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Apríl 2026 – **Unglingastig: 1340, miðstig: 38**

Maí 2026 – **Unglingastig: 832, miðstig: 21**

Júní 2026 – **310**

Júlí 2026 – **90** (Flakkandi ekki tekið með)

Starfsmenn Dimmu 2026-2027

Sunna Rut Garðarsdóttir - Forstöðumaður

Víkingur Angantýsson - Aðstoðarforstöðumaður

Hólmar Birgisson

Karl Viðar Pétursson

Gyða Kolbrún Guðbjartsdóttir

Breki Muntaga Jallow

Kara Líf Sigurðarsdóttir

Alexander Máni Thelmuson

Edda Laufey Bjarnadóttir

Hrefna Lára Sighvatsdóttir

Aron Ingi Laxdal Jónsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Viðhengi 1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

DIMMA

Starfsáætlun 2026-2027

Dimmudagatal 2026-2027

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1	L		1	Þ	1	F	1	S	1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur - Fös 1	1	M	Starfsmannafwðsla	1	M	Starfsmannafwðsla	1	F	
2	S		2	M	2	F	Fös 2	2	M	Starfsmannafwðsla	2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	L	Verkalýðsdagurinn	2	Þ	
3	M	Friðdagur verslunarmanna	3	F	3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M	
4	Þ		4	F	Fös 2	4	S		4	M		4	F	Fös 1	4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F	
5	M		5	L		5	M	Starfsmannafwðsla	5	F		5	L		5	Þ		5	F	Fös 2	5	F	Danskeppni Samfés - Fös 2	5	M	Starfsmannafwðsla	5	M		5	L	
6	F		6	S		6	Þ		6	F	Fös 1	6	S		6	M	Þrettándinn	6	L		6	L	Stíll - Samfés	6	Þ	Aðalfundur Samfés	6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M	Starfsmannafwðsla	7	F		7	S		7	S		7	M	Aðalfundur Samfés	7	F	Samfest - Fös 1	7	M	
8	L	Reykjavik Pride	8	Þ	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti / Fedradagurinn	8	Þ		8	F	Fös 2	8	M	Vika 6 / Boludagur	8	M		8	F		8	L	Söngkeppni Samfés	8	Þ	
9	S		9	M	Starfsdagar Samfés	9	F	Landsmót Samfés - Fös 1	9	M		9	M		9	L		9	Þ	Vika 6 / Sprengidagur	9	Þ		9	F	Fös 1	9	S	Mæðradagurinn	9	M	
10	M		10	F	Starfsdagar Samfés	10	L	Landsmót Samfés	10	Þ		10	F		10	S		10	M	Vika 6 / Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F	Skólaslit
11	Þ		11	F	Fös 1	11	S	Landsmót Samfés	11	M		11	F	Fös 2	11	M		11	F	Vika 6	11	F		11	S		11	Þ		11	F	
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F	Vika 6 - Fös 1	12	F	Fös 1	12	M		12	M	Starfsdagur hlutastarfsmanna	12	L	
13	F		13	S		13	Þ		13	F	Fös	13	S		13	M	Softball-mót	13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S	
14	F		14	M	ITK vikan	14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S		14	M		14	F	Fös 2	14	M	
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F	Fös 1	15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ	
16	S		16	M	ITK vikan	16	F	Fös 2	16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F	Fös 2	16	S	Hvítasunnudagur	16	M	
17	M	Skráning hefst f starfsdaga	17	F		17	L		17	Þ		17	F	Jólaball	17	S		17	M	Söngkeppni Félkó	17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Ljóðveldisdagurinn
18	Þ		18	F	ITK ball/ð - Fös 2	18	S		18	M		18	F	Fös 1	18	M		18	F		18	F	Árshátíð	18	S		18	Þ		18	F	
19	M		19	L		19	M	Félagsmiðstöðva-	19	F		19	L		19	Þ		19	F	Fös 2	19	F	Fös 2	19	M		19	M		19	L	
20	F		20	S		20	Þ	& ungmennahúsa	20	F	Rimmafwði - Fös 1	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S	
21	F		21	M		21	M	vikan	21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M	Gistinótt 10. bekkjar	21	F	Fös 1	21	M	
22	L	Menningarnótt	22	Þ		22	F	VETRARFRÍ	22	S		22	Þ		22	F	SamfésCon Starfsmannafwðsla - Fös2	22	M	VETRARFRÍ	22	M		22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ	
23	S		23	M		23	F	LAN / VETRARFRÍ/ fös 1	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	VETRARFRÍ	23	Þ	Kvaradagur	23	F	Fös 1	23	S		23	M	Útilega Félkó
24	M	Velkomin til starfa - starfsmannafwðsla	24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M		24	L		24	M		24	F	Útilega Félkó
25	Þ	Skólasetning/Kennsla hefst	25	F	Hinsegin landsmót - Fös 1	25	S		25	M		25	F	Jóladagur - Fös 2	25	M		25	Þ		25	M		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ	
26	M	Fyrsta opnun	26	L	Hinsegin landsmót	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Skíðaferð - Fös 1	26	F	Föstudagurinn langi - Fös 1	26	M		26	M	Félkó Fest	26	L	
27	F		27	S	Hinsegin landsmót	27	Þ		27	F	GETKÓ - Fös 2	27	S		27	M		27	L	Skíðaferð	27	L		27	Þ		27	F		27	S	
28	F	Velkomin til starfa - starfsmannafwðsla/Fös 1	28	M		28	M	Árgangakvöld	28	L		28	M		28	F		28	S	Skíðaferð	28	S	Páskadagur	28	M		28	F	10.bekkjaball - Fös 2	28	M	
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ		29	F	RAVE-Ball - fös 1				29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ	
30	S		30	M		30	F	Fös 2	30	M		30	M		30	L					30	Þ		30	F	Fös 2	30	S		30	M	
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M									

Fyrir starfsfólk | Dimmu viðburðir | Félkó viðburðir | Samfés viðburðir